

Ályktun miðstjórnar um löggildingu starfsgreina

„Nýverið var gefin út skýrsla frá OECD (Efnahags- og framfarastofnun Evrópu) sem er tilkomin vegna samnings sem íslenska ríkið gerði við OECD um framkvæmd á sjálfstæðu samkeppnismati á því regluverki sem gildir á sviðum byggingarstarfsemi og ferðaþjónustu á Íslandi. Taldi OECD mikilvægt að horfa einnig til löggilda starfsgreina í þessu sambandi og var þar m.a. lagt til að taka til skoðunar að draga úr reglubyrði fyrir smíði, rafvirkja, pípara, byggingarstjóra, löggilda hönnuði, fasteignasala, arkitekta og verkfræðinga. Enn fremur gekk OECD lengra af einhverjum ástæðum varðandi bakara og ljósmyndara og taldi rétt að afnema löggildingu þeirra starfsgreina.

Markmið umræddrar skýrslu var eins og fyrr greinir að taka út regluverk á sviði byggingarstarfsemi og ferðaþjónustu en einhverra hluta vegna slæðist umfjöllun um löggildingu framangreindra starfsgreina í þá skýrslu. Ekkert er vikið að því hvaða áhrif það hefði mögulega á gæði vöru og þjónustu, áhrif á launakjör og hvernig eftirliti yrði háttað. Samiðn gagnrýnir þessa aðferðarfræði OECD en sem fyrr var ekki aflað neinna upplýsinga frá iðnaðarsamfélaginu við gerð þessarar skýrslu. Ef vilji er til þess að skoða löggildingu í íslensku atvinnulífi ætti að gera það almennt og undanskilja þar engar starfsstéttir. Samiðn lýsir yfir vilja sínum til að taka þátt í slíkri vinnu ef stjórnvöld telja þörf á því en mótmælir harðlega þessari aðför að störfum iðnmenntaðra.“

Reykjavík, 8. desember 2020